

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 26. október 2013

Tímasetning fundar: kl. 14:00 – 16:35

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Anna Laxdal Þórólfsdóttir	formaður	mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir	varaformaður	fjarverandi
Steiney Halldórsdóttir	ritari	fjarverandi
Ragnheiður Helgadóttir	gjaldkeri	mætt
Dagný Þrastardóttir	meðstjórnandi	fjarverandi
Anna Guðrún Gylfadóttir	varamaður	fjarverandi
Snæfríð Egilson	varamaður	mætt
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir	varamaður	mætt

Margrét Bóasdóttir	verndari Gígjunnar	mætt
--------------------	--------------------	------

Fulltrúar kóra (33 konur úr 15 kórum):

Cantabile:

(Margrét J. Pálmadóttir)

Heklurnar:

(Hrefna Sigurðardóttir)

Jórukórinn, Selfossi:

(Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir)

Kvennakór Akureyrar:

(Snæfríð Egilson og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir)

Kvennakór Garðabæjar:

(Ingibjörg Guðjónsdóttir, Ólafía Einarsdóttir og Heiða Gunnarsdóttir)

Kvennakór Hafnarfjarðar:

(Bjarney Guðmundsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir)

Kvennakór Ísafjarðar:

(Pernilla Rein)

Kvennakór Kópavogs:

(Dagný Þórólfsdóttir, Gróa María Þórólfsdóttir, Jófríður Guðmundsdóttir, Ásdís Þ.

Hafsteinsdóttir, Sigríður H. Jörundsdóttir, Gunnhildur Gísladóttir, Sigríður Tryggvadóttir og

Ásdís Arnardóttir)

Kvennakór Reykjavíkur:

(Anna Laxdal Þórólfsdóttir)

Kvennakór Suðurnesja:

(Bergný Jóna Sævarsdóttir, Helga Hrönn Ólafsdóttir og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir)

Kvennakór Háskóla Íslands:

(Margrét Bóasdóttir)

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur:

(Dagbjört Lára Ottósdóttir, Sigþóra O. Sigþórsdóttir, Særún Ármannsdóttir og Anna Sigurjónsdóttir)

Kvennakórinn Seljur:

(Bjarnís Júlíusdóttir og Hulda Júlíusdóttir)

Kvennakórinn Ymur:

(Arndís Baldursdóttir og Jóna Kristinsdóttir)

Vox feminae:

(Þuríður Helga Jónasdóttir)



Fundargestir á aðalfundi Gígjunnar 2013

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Anna Laxdal formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Aðalheiður Gunnarsdóttir yrði kosinn fundarstjóri og Snæfríð Egilson fundarritari og var það samþykkt með lófataki. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var farið yfir vefsetur Gígjunnar og það kynnt. Að því loknu var kvennakórskona heiðruð. Snæfríð Egilson og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir úr Kvennakór Akureyrar héldu kynningu á landsmóti Gígjunnar sem haldið verður á Akureyri næsta vor og mun kynningin verða sýnileg á vef Gígjunnar fljótlega eftir aðalfundinn.

1. Skýrsla stjórnar

Anna Laxdal formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2012-2013, sem var eftirfarandi:

Á aðalfundi Gígjunnar sem haldinn var 27. október 2012 mættu 23 konur frá 11 kórum. Fundinum bárust kveðjur frá Kvennakórnum Fjalladísnum og Kvennakórnum við Háskóla Íslands sem var í æfingabúðum þá um helgina.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Kvk. Reykjavíkur, formaður
Þórhildur Kristjánsdóttir, Kvk. Hornafjarðar, varaformaður
Steiney Halldórsdóttir, Kvk. Hafnarfjarðar, ritari
Ragnheiður Helgadóttir, Kvk. Hafnarfjarðar, gjaldkeri
Dagný Þrastardóttir, Kvk. Ísafjarðar, meðstjórnandi

Varastjórn:

Snæfríð Egilson, Kvk. Akureyrar
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk. Akureyrar
Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvk. Ísafjarðar

Skoðunarmenn reikninga eru: Inga J. Arnardóttir og Margrét Hreinsdóttir

Verndari sambandsins er Margrét Bóasdóttir.

Störf stjórnar

Á þessu starfsári hefur stjórnin einungis haldið einn formlegan fund sem var stjórnarfundur og má sjá fundargerð hans á vefsetri Gígjunnar. Ein stjórnarkona átti þó ekki heimangengt. Stjórnina nú eins og árið þar á undan skipa konur á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði, Hafnarfirði og Reykjavík og er því erfiðara um vik að smala konum saman á einn stað til að halda fundi svo við nýtum okkur tölvusamskiptin í formi tölvupósta. Þetta „fundaform“ hefur gefist ágætlega þó við kunnum nú alltaf best við að hittast og ræða málina að hætti góðra stjórnarkvenna.

Tónverkasjóður og 10 ára afmæli Gígjunnar

Tónverkasjóður Gígjunnar var stofnaður árið 2008 með það að markmiði að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði er gert ráð fyrir að Tónverkasjóður Gígjunnar fái tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra landsins og efla þannig fjölbreytni og úrval tónlistar sem kvennakórar eiga kost á að flytja. Áður hafa kórarnir fengið í hendur verk sem samin hafa verið fyrir Tónverkasjóðin; jólagagið „Ég heyrði þau nálgast“ sem Jón Ásgeirsson samdi árið 2008 og „Stökur“ sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi árið 2009. Veturinn 2009 hafði stjórn Gígjunnar samband við Elínu Gunnlaugsdóttur sem samdi og afhenti okkur jólagagið „Stjarna yfir Betlehem“ sem aðildarkórar hafa nú undir höndum. Einnig hafa aðildarkórar fengið styrki vegna verka sem þeir hafa látið semja, m.a. landsmótslagið sem flutt var á landsmótinu á Selfossi 2011. Síðastliðið haust sendi svo sjóðurinn inn umsókn til Menningarsjóðs Hlaðvarpans til að láta semja lag í tilefni 10 ára afmælis Gígjunnar og hlaut verkefnið rausnarlegan styrk sem var formlega afhentur þann 3. janúar sl. Formaður Gígjunnar sem hér stendur tók við styrknum fyrir hönd Tónverkasjóðsins og þakkar Menningarsjóði Hlaðvarpans kærlega fyrir en þarna fór fram lokaúthlutun úr sjóðnum þar sem hann hefur nú verið lagður niður. Þóra Marteinsdóttir tónskáld samdi afmælislagið og útsetti það fyrir kvennakór og píanó. Ljóðið er eftir skáldkonuna Unni Benediktsdóttur Bjarklind eða Huldu og heitir „Breyttur söngur“, og þótti okkur í stjórninni textinn eiga vel við á þessum tímamótum. Lagið var svo sent aðildarkórum Gígjunnar í lok janúar og þeir kórar sem Gígjan fékk fréttir af og ætluðu að flytja afmælislagið voru Kvennakór

Reykjavíkur, Vox feminae, Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur, Senjórítur Kvennakórs Reykjavíkur og Cantabile sem fluttu lagið ásamt Stúlnakór Reykjavíkur í Eldborgarsal Hörpu á 20 ára afmælistónleikum Kvennakórs Reykjavíkur þann 7. apríl, Kvennakór Háskóla Íslands sem flutti lagið á vortónleikum í Hátíðarsal Háskólans á sumardaginn fyrsta, Kvennakór Kópavogs, Kvennakór Öldutúns og Kvennakór Ísafjarðar fluttu lagið saman ásamt norska kvennakórnum Corevi á litlu kvennakóramóti á Ísafirði laugardaginn 27. apríl, Kvennakór Hafnarfjarðar flutti lagið á vortónleikum í Hásölum 4. maí, Kvennakór Suðurnesja var með lagið á sinni dagskrá á vortónleikum sem haldnir voru 6. og 8. maí í Reykjanesbæ, Kvennakórinn Ymur söng lagið á vortónleikum í byrjun maí, Jórúkórinn flutti lagið á sínum vortónleikum, Kvennakór Akureyrar flutti lagið á vortónleikum í lok maí og Kvennakór Hornafjarðar söng lagið á vortónleikum 16. og 26. maí. Þær gerðu gott betur og leyfðu Ítölum að njóta þessa fallega lags en þær fóru í söngferð til Ítalíu í byrjun júní.

Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra var stofnað þann 5. apríl 2003 og er því 10 ára á þessu ári. Á stofnfundinum gengu 17 kórar í sambandið og í dag eru kórarnir 28 talsins. Markmið samtakanna er að efla starfsemi og samstarf kvennakóra, efla samskipti við kvennakóra erlendis og safna og miðla upplýsingum um starfsemi kvennakóra og öðrum upplýsingum sem þeim kæmu að gagni. Um aðdraganda að stofnun Gíggunnar og frá stofnfundinum sjálfum má lesa nánar á vefsetri Gíggunnar. Aðalhvatamanneskja að stofnun Gíggunnar og verndari landssambandsins er Margrét Bóasdóttir. Fyrsti formaður Gíggunnar var Guðrún Karitas Karlsdóttir.

Aðildarkórar.

Söngárið 2013 hefur verið mjög viðburðarríkt hjá aðildarkórum Gíggunnar og hafa nokkrir kóranna einnig átt stórafmæli þetta árið, haldið söngveislur, lagst í ferðalög innan lands og utan og rómur margra þeirra borist út fyrir landsteinana.

Frumflutt voru verk eftir íslensk tónskáld og á hátíðartónleikum Vox feminae var flutt messa í sex þáttum eftir Báru Grímsdóttur.

Freyjukórinn í Borgarfirði stóð fyrir söngbúðum í Borgarnesi í mars sl. Söngbúðirnar báru heitið „Syngjandi konur á Vesturlandi“. Markmiðið með söngbúðunum er að efla söng og söngþjálfun meðal kvenna á Vesturlandi. Þetta er í annað skiptið sem Freyjukórinn stendur fyrir svona sönghelgi og tóku um 80 konur þátt í söngbúðunum í ár.

Kvennakór Reykjavíkur hélt upp á 20 ára afmæli sitt eins og áður sagði og sungu afmælislagið á afmælistónleikum kórsins þann 7. apríl ásamt þeim kórum sem starfað hafa undir merkjum kórsins, en það eru kórarnir Vox Feminae, Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur, Senjórítturnar, Stúlnakór Reykjavíkur og Cantabile. Tónleikarnir voru haldnir í tónlistarhúsinu Hörpu sem var nú aldeilis við hæfi og báru yfirskriftina Frá konu til konu.

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur hélt vortónleika sína þann 5. maí og rann aðgangseyrir til góðgerðamála, en Léttisveitin styrkir Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.

Kvennakór Kópavogs lætur líka gott af sér leiða og hafa þær haldið styrktartónleika sl. fjögur ár fyrir Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.

Kvennakór Suðurnesja á 45 ára afmæli í ár og hafa kórkonur aldeilis látið til sín taka á afmælisárinu. Þær byrjuðu reyndar í desember á síðasta ári með því að fá aðra kóra á Suðurnesjum í lið með sér og skipulögðu sameiginlega tónleika til styrktar Velferðarsjóði

Suðurnesja. Eftir tvenna tónleika í vor sátu kórkonur síður en svo auðum höndum í sumar. Þessar kraftmiklu konur tóku að sér skipulagningu og framkvæmd bæjarhátíðar Sandgerðinga, Sandgerðisdaga, og var mikil ánægja með störf þeirra. Auk þess söng kórinn á hátíðardagskrá Sandgerðisdaga í Safnaðarheimilinu í Sandgerði og tók einnig þátt í dagskrá Ljósanætur en það gera þær á hverju ári.

Engir nýir kórar hafa sótt um aðild að Gígjunni á þessu ári.

Kvennakór Öldutúns sá sér hins vegar ekki fært að halda áfram starfsemi og hefur kórinn því sagt sig úr Gígjunni. Nokkrar konur úr kórnum gengu hins vegar til liðs við Kvennakór Hafnarfjarðar og gleðjumst við yfir því.

Vefsetur Gígjunnar.

Vefsetur Gígjunnar er í sífelldum spuna og þar má finna upplýsingar um starfsemi kóra og sambandsins.

Munum að vefsetrið er fyrir okkur allar sem heimildasafn og upplýsingamiðill og því mikilvægt að við séum duglegar að senda inn upplýsingar um starfsemi kóranna okkar, tónleika og aðra viðburði. Það erum jú við eða aðildarkórarnir sem í raun skapa síðuna. Það er Aðalheiður Gunnarsdóttir sem hefur daglega umsjón með heimasíðunni og vill stjórnin vekja sérstaka athygli á þeirri vönduðu vinnu sem Aðalheiður leggur í vefinn.

Landsmót íslenskra kvennakóra á Akureyri

Landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið á Akureyri næsta vor, dagana 9. til 11. maí 2014 og sér Kvennakór Akureyrar um framkvæmd mótsins að þessu sinni. Undirbúningsnefnd landsmótsins skipa þær Snæfríð Egilsson, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir og Hólmfríður Þorsteinsdóttir. Þær Snæfríð og Anna eru mættar á fundinn og ætla að vera með kynningu á landsmótinu að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum hér á eftir.

Leitað hefur verið tilboða í gerð hátíðarfána og borðfána sem eiga að vera tilbúnir fyrir landsmótið. Leitað var til fyrirtækjanna Merkismanna og Silkiprents. Ekki hefur verið gengið að tilboðum og verður sú ákvörðun færð yfir á hendur nýrrar stjórnar. Önnur verkefni eins og gerð barmmerkis með lógói Gígjunnar og kynningarefni fyrir Gígjuna færast einnig yfir til nýrrar stjórnar.

Að lokum.

Mig langar að lokum að vitna hér í orð Rögnu Karlsdóttur fráfarandi formanns Kvennakórs Reykjavíkur sem sögð voru í tilefni afmælis kórsins, “ ... að það frumkvöðlastarf kvenna sem stofnuðu kórinn árið 1993 hafi hrundið af stað tónlistarævintýri sem varð hvatning að stofnun fleiri kvennakóra sem glætt hafa tónlistarlíf um land allt æ síðan.” Því segi ég, látum ævintýrið lifa og sönguraddir okkar óma sem víðast.

Stjórn Gígjunnar þakkar öllum aðildarkórum sambandsins fyrir gott samstarf á þessu starfsári með þá von að það megi eflast og styrkjast á komandi árum. Sjáumst svo í maí á landsmótinu á Akureyri.

2. Reikningar

Ragnheiður Helgadóttir gjaldkeri lagði fram reikninga sambandsins og las þá upp fyrir fundargesti. Hún benti á að ekki væru allir kórar búnir að greiða félagsgjöld.

3. Umræða um skýrslu og reikninga

Engar fyrirspurnir komu fram um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma undir þessum lið. Ekki komu fram athugasemdir við reikninga og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Tillögur og lagabreytingar

Engar tillögur bárust um lagabreytingar á lögum Gígjunnar.

5. Ákvörðun árgjalds

Árgjaldið er 3000 krónur á kór og auk þess 200 krónur á hverja konu. Lagt var til að það héldist óbreytt og var það samþykkt einróma.

6. Kosning formanns

Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur gaf ekki kost á sér áfram, Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Kvennakór Hornafjarðar, sem verið hefur varaformaður sl. tvö ár bauð sig fram til formanns og var mikil ánægja með það og var hún samþykkt með lófaklappi. Þórhildur komst ekki á fundinn en tilraun var gerð til að ná sambandi við hana í gegnum Skype, en það tókst því miður ekki.

7. Kosning stjórnar og varamanna

Aðalstjórn:

Steiney Halldórsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir úr Kvennakór Hafnarfjarðar gáfu kost á sér áfram.

Dagný Þrastardóttir, Kvennakór Ísafjarðar gekk úr stjórn.

Dagbjört Ottósdóttir, Kvennakórnum Léttisveit Reykjavíkur og Guðlaug Ásgeirsdóttir, Kvennakórnum Heklunum buðu sig fram.

Varastjórn:

Snæfríð Egilson og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir úr Kvennakór Akureyrar gáfu kost á sér áfram.

Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvennakór Ísafjarðar hætti sem varamaður.

Kolbrún Halldórsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur bauð sig fram í varastjórn.

Þær sem buðu sig fram í aðalstjórn og varastjórn voru kosnar með öllum atkvæðum.

8. Kosning tveggja skoðunamanna reikninga

Margrét Hreinsdóttir úr Kvennakór Reykjavíkur gaf kost á sér áfram.

Inga J. Arnar úr Kyrjunum hætti sem skoðunarmaður.

Jóna Björg Kristinsdóttir úr Kvennakórnum Ym bauð sig fram.

Margrét og Jóna Björg voru samþykktar samhljóða sem skoðunarmenn reikninga.

9. Önnur mál

Vefsíðan, www.gigjan.is

Aðalheiður Gunnarsdóttir vefstjóri kynnti stuttlega heimasíðu Gígjunnar, www.gigjan.is fyrir fundarkonum. Hún lagði áherslu á að kórar sendi inn fréttir af viðburðum og fleiru sem skemmtilegt er, ekki bara þegar tónleikar eru heldur einnig um starf kóranna, dagskrá og fleira. Hún bað einnig um hafa texta tilbúna með vegna fréttatilkynninga og muna að senda plaköt eða myndir á jpg formi. Við verðum að muna að vefsíðan er heimild okkar um starfsemi kóranna. Einnig er mikilvægt að muna að senda inn upplýsingar um breytingar á stjórnnum og stjórnendum. Heiða Gunnarsdóttir, Kvennakór Garðabæjar benti á að við værum orðnar samfélagstengdar (t.d. Facebook) og að við verðum að vera duglegar að deila. Búið er að búa til facebooksíðu sem heitir **Ég er í kvennakór** og er öllum kvennakórskonum á landinu opinn.

Heiðurstilnefningar

Eftirfarandi konur voru tilnefndar til heiðursviðurkenningar Gígjunnar 2013:

María Björk Viðarsdóttir, Kvennakórnum Léttisveit Reykjavíkur

Sigríður Anna Ellerup, Vox feminae

Gróa María Þorvaldsdóttir, Kvennakór Kópavogs

Áður höfðu Hrönn Hjaltadóttir, Kvennakór Reykjavíkur, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Vox feminae og Aðalheiður Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja hlotið heiðursviðurkenningu Gígjunnar og á landsmótinu á Selfossi 2011 hlutu Margrét Bóasdóttir stjórnandi Kvennakórs Háskóla Íslands, Margrét Pálmadóttir stjórnarndi Vox feminae og Cantabile og Heiða Gunnarsdóttir, þá í Vox feminae en nú í Kvennakór Garðabæjar, viðurkenningu frá Gígjunni. Mjótt var á mununum en leikar fóru þannig að stjórn Gígjunnar kaus Gróu Maríu Þorvaldsdóttur úr Kvennakór Kópavogs og fékk hún því heiðursviðurkenningu Gígjunnar 2013. Anna Laxdal formaður afhenti Gróu blóm og styttna "Hörpu" eftir Ásmund Sveinsson, en sú hefð hefur skapast að afhenda Hörpu sem heiðursviðurkenningu Gígjunnar.



Anna Laxdal Þórólfsdóttir formaður Gígjunnar afhendir Gróu Maríu heiðursviðurkenningu Gígjunnar 2013

Gróa þakkaði kærlega fyrir sig og þennan heiður sem henni var sýndur. Hún nefndi að við erum ekki einar, við erum félagar og saman getur við hrint frábærum hugmyndum í framkvæmd. Að syngja saman og láta gott af okkur leiða er afar gefandi. Hún þakkaði að lokum kórsysturum sínum fyrir heiðurinn.

Eftirfarandi er umsögn Kvennakórs Kópavogs um Gróu:

Kvennakór Kópavogs tilnefnir Gróu Maríu Þorvaldsdóttur til heiðursviðurkenningar Gígjunnar 2013. Gróa María er einn af stofnfélögum og hefur starfað með Kvennakór Kópavogs frá 2002. Hún hefur verið virk í starfi kórsins frá upphafi og setið í stjórn og ýmsum nefndum hans og ávallt leyst mál kórsins á farsælan hátt. Gróa María ber með sér léttleika og jákvæðni sem nýtist vel í kórstarfinu og hefur unnið ötullega að farsæld og framgangi hans. Hún er einnig ein af þeim konum sem alltaf eru boðnar og búnar til að koma til aðstoðar þegar krefjandi verkefni kalla á aukavinnu. Gróa María var einn hugmyndasmiða að styrktartónleikunum Hönd í Hönd sem kórinn hefur haldið fyrir Mæðrastyrksnefnd Kópavogs undanfarin fjögur ár. Þetta árið verða fimmtu tónleikarnir haldnir 3. nóvember. Hugmyndin að þessum tónleikum var bág staða margra fjölskyldna í kjölfar bankahrunsins 2008. Vildu kórkonur finna vettvang til að styðja við bæjarbúa í því erfiða ástandi sem skapaðist þá. Á þessum árum hefur Kvennakór Kópavogs fengið til liðs við sig fjölmarga þekktu listamenn og hefur styrkur til Mæðrastyrksnefndarinnar verið álitlegur ár hvert. Það er ekki síst að þakka konum eins og Gróu Maríu en framlag hennar hefur haft mikil áhrif á hve vel heppnaðir þessir tónleikar hafa verið ár eftir ár. Stjórn Kvennakórs Kópavogs vill þakka Gróu Maríu fyrir þá velvild og umhyggju sem hún sýnir samfélaginu og fórnfúst og gott starf fyrir kórinn sinn. Við viljum því leggja til að hún fái heiðursviðurkenningu Gígjunnar 2013.

Landsmót íslenskra kvennakóra 2014.

Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir og Snæfríð Egilson frá Kvennakór Akureyrar kynntu landsmót kvennakóra sem haldið verður á Akureyri dagana 9. - 11. maí.



Snæfríð Egilson og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir frá Kvennakór Akureyrar kynntu Landsmót íslenskra kvennakóra 2014 sem verður haldið á Akureyri

Hægt er að nálgast kynninguna á landmótssíðunni á vefsetri Gígjunnar <http://gigjan.is/?id=1411> og á heimasíðu Kvennakórs Akureyrar www.kvak.is/index.php/landsmot en hér fyrir neðan er stuttlega gerð grein fyrir smiðjum, lögum, dagskrá og hagnýtum upplýsingum um landsmótið.



Upplýsingar um söngsmiðjur á Landsmóti Kvennakóra 9. – 11. maí 2014

Þemu smiðjanna eru eftirfarandi og nöfn stjórnenda eru skálettuð hér að neðan:

Norræn kvennakóralög: *Ingibjörg Guðjónsdóttir, söngkona, söngkennari og stjórnandi Kvennakórs Garðabæjar.*

Spunasmíðja: *Eyþór Ingi Jónsson organisti við Akureyrarkirkju*

Rokksmíðja: *Sigríður Eyþórsdóttir stjórnandi Íslenska kvennakórsins í Kaupmannahöfn*

Þjóðlagasmíðja: *Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands*

Gígjusmíðja: *Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organisti í Akureyrarkirkju*

Sameiginleg lög allra þátttakenda með hljómsveit

God only knows – The Beach Boys, útsetning Daníel Þorsteinsson

Tvær stjörnur – lag og ljóð Megas, raddsetning Daníel Þorsteinsson

Do you hear the people sing – úr Vesalingunum eftir Victor Hugo, útsetning Guðmundur Óli Gunnarsson

Landsmótslagið er **Vor í Garði** eftir Jakobínu Sigurðardóttir við lag Huga Guðmundssonar tónskálds.

Drög að dagskrá landsmóts:

Föstudagurinn 9. maí

15:00 – 16:00 – Móttaka í Menningarhúsinu Hofi

16:00 – 17:30 – Sameiginleg æfing í Hofi

17:30 – 19:00 – Frjáls tími

19:00 – 20:00 – Kvöldverður í Íþróttahöllinni á Akureyri

20:00 – 20:30 – Setning landsmóts og fundur Gígjunnar í Íþróttahöllinni á Akureyri

20:30 – 23:00 – Óvissuferð

Laugardagurinn 10. maí

09:00 – 11:00 – Söngsmiðjur, í Hofi (2 salir), Brekkuskóla og Íþróttahöllinni á Akureyri (2 salir)

11:00 – 11:30 – Frjáls tími / fundir kórstjóra og formanna

11:30 – 12:30 – Hádegisverður í Íþróttahöllinni á Akureyri

12:30 – 13:30 – Frjáls tími

13:30 – 14:30 – Sameiginleg æfing í Hofi

14:30 – 15:30 – Undirbúningur fyrir tónleika

15:30 – 17:30 – Tónleikar kóranna í Hamraborg og Hömrum, Hofi

17:30 – 19:30 – Frjáls tími

19:30 – 00:00 – Hátíðarkvöldverður og dansleikur í Íþróttahöllinni á Akureyri

Sunnudagurinn 11. maí

09:30 – 11:30 – Söngsmiðjur í Hofi, Brekkuskóla og Íþróttahöllinni á Akureyri

11:30 – 12:30 – Hádegisverður í Íþróttahöllinni á Akureyri

12:30 – 14:00 – Sameiginleg æfing í Hofi

14:00 – 15:00 – Undirbúningur fyrir tónleika

15:00 – 16:30 – Hátíðartónleikar í Hamraborg, sýnt á skjá í Hömrum

16:30 – 17:30 – Kveðjukaffi, mótsslit í Hofi



Hagnýtar upplýsingar

Gott að kórar láti vita sem allra fyrst um þátttöku sína á landsmótið.

Staðfestingargjald er 7.500 kr. á konu sem greiðist í síðasta lagi þann 15. janúar 2014.

Nótnahefti afhendast fljótlega eftir að gjaldið hefur verið greitt. Þeir kórar sem greiða fyrir fá heftið einnig fyrir.

Óskir kóra um söngsmiðjur þurfa að hafa borist þann 15. janúar.

Búið verður að raða kórum í söngsmiðjur 15. febrúar.

Innifalið í mótsgjaldi er:

Allir málsverðir fyrir utan morgunverð, óvissuferðin, nótnaheftin, allt húsnæði, utan gistingu, söngsmiðjustjórar, hljóðfæraleikarar, mótstjóri, landsmótsblað.

Landsmótsnefnd er skipuð þeim Önnu Breiðfjörð Sigurðardóttur, Hólmfríði Þorsteinsdóttur og Snæfríð Egilson og fyrir hönd Kvennakórs Akureyrar bjóðum við ykkur hjartanlega velkomnar til Akureyrar í maí 2014. Við hlökkum mikið til að sjá ykkur sem flestar.

Fundarstjóri þakkaði Akureyrarkonum fyrir góða kynningu.



Samstarf kórasambanda

Margrét Bóasdóttir bað að því loknu um orðið og talaði um þann draum sinn að kórasambönd á landinu gætu sameinast um starfsmann sem mundi sinna ýmsum störfum, t.d. að halda skrá um tengiliði og beina erindum sem berast til sambandanna í réttan farveg. Þar nefndi hún sem dæmi beiðnir frá erlendum kórum sem vilja heimsækja Ísland og komast í samband við héraðs kóra.



Margrét Bóasdóttir, verndari Gígjunnar

Að lokum þakkaði fundarstjóri konum fyrir komuna.

Fundi var slitið kl. 16:35.



Gróa María Þorvaldsdóttir ásamt kórsystrum sínum úr Kvennakór Kópavogs, þeim Dagnýju, Ásdísi, Sigríði, Ásdísi og Jófríði



Helga Hrönn og Bergný Jóna úr Kvinnakór Suðurnesja



Jóna Björg úr Kvinnakórnum Ym, Bjarney og Ragnheiður úr Kvinnakór Hafnarfjarðar



Hulda og Bjarndís úr Kvinnakórnum Seljunum



Særún, Dagbjört, Sigþóra og Anna úr Kvinnakórnum Léttaveit Reykjavíkur



Anna úr Kvinnakór Reykjavíkur, Margrét kórstjóri Kvinnakórs Háskóla Íslands og Heiða úr Kvinnakór Suðurnesja



Margrét kórstjóri Vox feminae og Cantabile, Ingibjörg kórstjóri Kvinnakórs Garðabæjar, Heiða og Ólafía úr Kvinnakór Garðabæjar